



Hreppsnefnd 29.01.08

Hreppsnefndarfundur haldinn þriðjudaginn 29. janúar 2008
í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 10. jan. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 10. janúar sl. Undir þessum lið gerði oddviti grein fyrir fundi fulltrúa hreppsnefndar með ráðamönnum HB Granda í sl. viku. Ræddu nefndarmenn fundinn og efni hans.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð bygginganefndar frá 24. janúar sl.

Lögð fram fundargerð bygginganefndar frá 24. janúar sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir honum.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál Fundargerð þjónustunefndar aldraðra frá 9. janúar sl.

Fundargerð þjónustunefndar frá 9. janúar lögð fram. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem haldinn hafði verið með formanni nefndarinnar, fulltrúum félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, heilsugæslunnar og legudeildarinnar ásamt sveitarstjóra. Vakin var athygli á að misskilnings gæti meðal eldri borgara þannig að ekki eigi allir rétt á þátttöku í starfi er þjónustunefndin kemur á. Allir eldri borgarar eiga fullan rétt og jafnan.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð menningarmálanefndar frá 22. janúar sl.

Fundargerð menningarmálanefndar frá 22. janúar sl., lögð fram.

Varðandi 2. tl. fundargerðarinnar samþykkir hreppsnefnd að veita minjasafninu Bustarfelli umbeðinn 25.000 kr. styrk. Í sambandi við styrkbeiðni vill hreppsnefnd benda á að sótt sé um styrk áður en til viðburðar kemur.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 15. janúar sl.

Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 15. janúar sl. lögð fram. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar og lagði til að æskulýðs- og íþróttafulltrúa yrði falið í samráði við íþróttakennara og skólastjóra að skoða hvort ekki væri unnt að heimila 9. bekk að nýta tækjasalinn að undangenginni kennslu á tækin.

Fram fór umræða um málið í framhaldi af tillögu sveitarstjóra og var samhljóða samþykkt að vísa tillögunni til starfsnefndar til skoðunar og afgreiðslu.

6. mál. Kaup á slökkvibíl í samvinnu Vopnafjarðarhrepps og Flugstoða ohf. Áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 10. janúar sl.

Lögð fram fundargerð frá 23. janúar sl. þar sem fulltrúar Vopnafjarðarhrepps og Flugstoða ohf.

funduðu um fyrirhuguð kaup á slökkvibíl fyrir Vopnafjörð. Jafnframt lagt fram samkomulag milli Vopnafjarðarhrepps og Flugstoða ohf. dags. 24. jan. sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og ennfremur verðhugmyndum eins og þau hafa verið kynnt í hreppsnefnd.

Að svo búnu var lögð fram svofelld tillaga: „Á grundvelli framlagðra gagna samþykkir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að ganga til samninga við Sigurjón Magnússon ehf. Ólafsfirði um kaup á nýjum slökkvibíl fyrir Vopnafjörð á grundvelli verðtilboðs fyrirtækisins að fjárhæð 23.384.175 án vsk. Bíllinn greiðist til helminga af Vopnafjarðarhrepp og Flugstoðum ohf.“

Lýstu nefndarmenn sjónarmiðum sínum, fram kom almenn ánægja með niðurstöðuna og fyrirbyggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra falið að ganga frá endanlegum samningi við fyrirtækið í samvinnu við fulltrúa Flugstoða ohf..

7. mál. Bréf SSA varðandi skipan fulltrúa í svokallaða Norð-Austurnefnd Oddviti gerði grein fyrir málinu og greindi frá því formaður hennar, Halldór Árnason, væri búinn að boða til fyrsta fundar nefndarinnar 30. janúar n. k. Nefndin mun síðan hitta fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga á Egilsstöðum 6. feb. n. k. Síðan tók sveitarstjóri til máls undir þessum lið.

Samþykkt að kynna málið í atvinnumálanefnd. Jafnframt voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að drifkraftur góðra verka í nefndinni yrði að koma frá heimamönnum.

8. mál. Fontur félag smábátæigenda á svæðinu Kópasker-Vopnfjörður, bréf dags. 15. janúar sl. Sveitarstjóri kynnti málið nánar og kom með eftirfarandi tillögu:
„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fagnar hugmyndum félags smábátæigenda á svæðinu sem fram koma í bréfi þeirra, dags. 15. janúar sl. Hreppsnefnd hvetur stjórnvöld sjávarútvegsmála til þess að nýta þær hugmyndir sem félagið setur fram í bréfi sínu til þess að auka möguleika á nýliðun í greininni og þar með auka og bæta atvinnu- og mannlíf í sjávarþorpum vítt og breitt um landsbyggðina.“
Tillagan samþykkt samhljóða.

9. mál. Landsskrifstofa Staðardagskrár 21, bréf dags. 18. jan. sl., varðandi svokallaða Ólafsvíkuryfirlýsingu. Lagt fram bréf Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 varðandi svokallaða Ólafsvíkuryfirlýsingu, þar sem þátttakendur skuldbinda sig til þess að leggja sitt að mörkum til sjálfbærrar þróunar; með því m. a. að virkja íbúa, félagasamtök og aðila atvinnulífsins til öflugrar þátttöku í verkefnum sem tengjast Staðardagskrá 21. Einnig með því að hafa markmið um sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana sem og við aðra ákvarðanatöku um málefni sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd mælir með að Vopnafjarðarhreppur gerist aðili að Ólafsvíkuryfirlýsingunni og hún send umhverfisnefnd til afgreiðslu. Erindinu vísað til umhverfisnefndar.

10. mál Lyfjastofnun bréf dags. 12. janúar sl., varðandi lyfjafræðilega þjónustu. Lagt fram bréf Lyfjastofnunar frá 8. jan. sl. varðandi samning um lyfjafræðilaga þjónustu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að honum í samráði við heilsugæslulækni yrði falið að leita eftir slíkum samningi.
Samþykkt samhljóða.

11. mál Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og úthlutun menningarstyrkja 31. janúar nk. í félagsheimilinu Miklagarði Vopnafirði. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi sem undirritaður var 9. janúar sl. lagður fram. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir hann samhljóða fyrir sitt leyti.

Jafnframt gerð grein fyrir því að úthlutun menningarstyrkja á Austurlandi fer fram í félagsheimilinu Miklagarði 31. janúar n. k. Öllum hreppsnefndarmönnum boðið að mæta til athafnar í því sambandi.

12. mál Ýmis bréf og mál:

a) Samgönguráðuneytið bréf dags.23. jan. sl. varðandi styrk.
Lagt fram til kynningar

b) Fundargerð sambands Ísl. sveitarfélaga frá 18. jan. sl.
Lagt fram til kynningar

c) Starfsmenntaráð bréf dags. 21. jan. sl., þar sem þakkað er fyrir móttökur ráðsins á ferðalagi þess dagana 17. og 18. janúar sl.
Lagt fram til kynningar

d) Auglýsingar um ýmsa styrki
Lagt fram til kynningar.

e) Bréf Landssambands Ísl. Útvegsmanna móttekið 21. jan. sl., varðandi gjaldskrármál hafna og svar Hafnarsambands Ísl., móttekið sama dag.
Vísað til umfjöllunar í hafnarnefnd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.45